

SORPFLOKKUN

SPURT OG SVARAÐ

Gler?

Best er að skila öllu gleri í gámastöðina Snoppu. Allt gler sem berst gámastöðinni fer í landfyllingu. Gler má setja í gráu tunnuna. Gler má alls ekki fara í grænu tunnuna.

Latexhanskar?

Fara í gráu tunnuna.

Snakkpokar?

Flestir snakkpokar eru úr plasti og fara í grænu tunnuna. Ef þeir eru samsettir úr áli og plasti þá fara þeir í gráu tunnuna.

Gluggaumslög?

Í sorphirðuhandbókinni kemur fram að gluggaumslög megi ekki fara beint í grænu tunnuna. En þar sem ekki er um gæðaflokkun á pappír að ræða mega gluggaumslög fara beint í grænu tunnuna.

Frauðbakkar t.d. undan kjötvörum?

Ef frauðbakkinn er með plastmerki (sjá sorphirðuhandbók) þá þarf að skola bakkann og setja með plastinu. Ef hann er ekki merktur fer hann í gráu tunnuna.

CD diskar?

Fara í almennu tunnuna þar sem þeir eru úr plastblöndu og einnig málmþynna í þeim.

Plastpokar með álímdum miðum úr pappír?

Það er í lagi þó það séu einhverjir miðar á pokunum. Ef það er auðvelt að kippa þeim af þá endilega gerið það.

Má setja sléttan pappa s.s. kornflex pakka með fernunum poka?

Fernurnar fara í sér glæran poka og slétti pappinn í sér glæran poka.

Má setja plast sem ekki er merkt með þríhyrningsmerki í grænu tunnuna og fer allt plast saman í glæran poka s.s. sjampóbrúsar og plastpokar?

Allt plast sem er með endurvinnslumerki fyrir plast þríhyrningur og/eða merking með stöfum (sjá sorphirðuhandbók) má fara með plasti. Ómerkt plast verður að fara í gráu tunnuna þar sem ómögulegt er að segja til um úr hverju það er eða hvernig það skuli endurunnið. Allt plast má fara í sama glæra pokann.

Allt mjúkt plast s.s. plastfilmur og plastpokar mega fara með plasti þó það sé ómerkt. Þunnu pokarnir sem notaðir eru fyrir ávexti í matvöruverslunum mega fara með plastinu eins gjaldfrjálsir pokar t.d. pokar úr bakaríum.

Allt hart plast verður að vera merkt til að mega fara með plastinu. Allt ómerkt hart plast fer í gráu tunnuna.

Í hvaða tunnu fer smjörpappír/bökunarpappír?

Í gráu tunnuna.

Ef bökunarpappírinn er merktur þannig: „*Environment: The bakingpaper is made of cellulose-fiber, which is bleached without the use of chlorine. The paper is biodegradable.*“ þá brotnar hann niður í moltugerðarvélinni og má því fara í lífrænu tunnuna.

Bómull?

Í gráu tunnuna.

Eyrnapinnar?

Þeir eru samsettir og fara því í gráu tunnuna.

G-mjólkurfergur og svalfergur þ.e. með áli að innan?

Fara með öðrum fernum.

Kjúklingabein?

Bein moltast ekki og far því í gráu tunnuna. Það er þó í lagi að það fari aðeins af minni beinum í lífrænu tunnuna.

Kertavax?

Í gráu tunnuna.

Eldhúsbréf?

Í gráu tunnuna. En það er í lagi að eitt og eitt bréf fari í lífrænu tunnuna þar sem það er stoðefni í jarðgerðina. En það er ekki gott að fá mikið magn í einu.

Ef eldhúsbréfin hafa verið notuð til að þurrka upp matarleifar þá má setja þær í lífrænu tunnuna en hafi þær verið notaðar til að þurrka upp eitthvað annað þá þurfa þær að fara í gráu tunnuna.

Litaðar servéttur?

Í gráu tunnuna. Þar sem ekki er gott að sjá hvaða efni eru í litunum.

Íspinnabréf með vaxáferð?

Í gráu tunnuna.

Íspinnaspýtur?

Íspinnaspýtur eru gott stoðefni og mega því fara í lífrænu tunnuna best er að brjóta þær í nokkra parta.

Pappír úr pappírstætara?

Fer í glæran poka í grænu tunnuna.

Kaffipakkar?

Eru oft samsettir úr plasti og áli. Allar samsettar umbúðir fara í gráu tunnuna. Ef kaffipakkinn er bara úr áli fer hann með málmhlutum í grænu tunnuna eins ef hann er bara úr plasti fer hann með plasti í grænu tunnuna. Auðvelt er að sjá hvort umbúðir eru samsettar með því að rífa þær í sundur.

Gamall fatnaður sem ekki fer annað?

Í gráu tunnuna þar sem gamall fatnaður og vefnaðarvara er ekki endurvinnanleg.

Bóluplast?

Með plasti í grænu tunnuna.

Tyggjó?

Í gráu tunnuna.

Bréfpokar?

Bréfpokar fara með pappír í grænu tunnuna. Þar sem pappír er gott efni í moltugerð má einnig setja bréfpoka með í moltugerðina. Það getur verið betra að setja bréfpoka t.d. bréfpoka úr bakaríum sem eru óhreinir af matarleifum í moltutunnuna í stað þess að hreinsa þá og setja með pappírnum.